



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 3/2007 varðandi verðskrárbreytingar í einkarétti

1. Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun hefur borist erindi frá Íslandspósti hf. dags. 28. desember 2006, þar sem óskað er eftir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á hækkun á burðargjaldi bréfa, í einkarétti allt að 50 gr. að þyngd, frá og með 1. febrúar 2007.

Hækkunarbeiðnin er eftirfarandi fyrir bréf innanlands:

- Bréf í 20 gr. flokki hækki úr 55 kr. í 60 kr. (9,1% hækkun).
- Bréf í 50 gr. flokki hækki úr 65 krónum í 70 kr. (7,7% hækkun).

Íslandspóstur hf. gerir ráð fyrir að tekjuaukning nemi 216 m.kr. á árinu 2007.

Ástæður hækkunarbeiðninnar eru sagðar:

- *Hækkun launaliða Íslandspósts v/kjarasamninga og þenslu á vinnumarkaði.* Mánaðarlaun bréfbæra hafa hækkað allt að 13,4% frá 1. maí sl. og munu hækka um 4,15% um næstu mánaðarmót (ármót). Að meðaltali hafa laun hækkað um 11,6% frá maí til nóv. 06. Athuga bera að samningar um 15.000,- kr. taxtahækkunar komu sérlega þungt hlutfallslega á Íslandspóst, þar sem langflestir eru á lágum taxtalaunum og hækkunin því hlutfallslega meiri en sést í launavísitölum (sjá neðar).
- *Mikil hækkun á flutningskostnaði.* Flutningskostnaður hefur hækkað um 3,4% frá því í maí og munu taka breytingum áfram í samræmi við vísitölur, þar sem spár gera ráð fyrir allt að 7% breytingum.
- *Aukinn kostnaður vegna landpósta og rekstur samstarfspósthúsa.* Landspóstur og samningar vegna rekstrar pósthúsa eru tengdir neyslu- og launavísitölum.
- *Vísitöluhækkunar frá síðustu hækkun.* (neysluverðs 2,7%, byggingar 7,6%, launa 4,1%). Veldur samsvarandi kostnaðarhækkunum í dreifikerfi Íslandspósts.
- *Arðsemiskrafa eiganda.* Viðhalda þarf arðsemi félagsins og þar með einkaréttarbréfs.

2. Lagaheimildir Póst- og fjarskiptastofnunar

Í 6. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu kemur fram að rekstrarleyfishafi skal gefa út sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. Þar kemur einnig fram að óheimilt er að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið

fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa. Gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykkis eigi síðar en 15 dögum fyrir gildistöku.

Þá kemur fram í 4. mgr. sömu greinar að gjaldskrár fyrir alþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Út frá ofangreindum lagaforsendum telur Póst- og fjarskiptastofnun að við mat á umsókn Íslandspóstis hf. skuli einvörðungu taka mið af kostnaði af einkarétti að viðbættum hæfilegum hagnaði [...]¹.

Í umræddri lagagrein kemur ekki fram hvað telja beri hæfilegan hagnað. Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt í þessu samhengi að taka tillit til hagnaðar undanfarinna ára og einnig að bera saman hagnað við viðmið og umfjöllun stjórnenda Íslandspóstis varðandi afkomu fyrirtækisins.

[...] ¹

3. Forsendur

Póst- og fjarskiptastofnun hefur borið saman tekjur, gjöld og afkomu einkaréttar starfsemi Íslandspóstis frá árinu 2001 skv. ársreikningum. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit – Einkaréttur 2001 til 2007

Texti	Tekjur [p.kr]	Gjöld [p.kr]	Rekstrar- hagnaður [p.kr]	Hlutfall [tekjur/gjöld-1]
Einkaréttur 2001	2.365.140	2.380.796	-15.656	-0,7%
Einkaréttur 2002	2.105.279	1.901.362	203.917	10,7%
Einkaréttur 2003	2.160.623	1.845.730	314.893	17,1%
Einkaréttur 2004	2.170.851	1.882.498	288.353	15,3%
Einkaréttur 2005	2.254.790	2.034.029	220.761	10,9%
Einkaréttur 2006 - áætlun I ¹⁾	[...]	[...]	[...]	[...]
Einkaréttur 2006 - áætlun II ²⁾	[...]	[...]	[...]	[...]
Einkaréttur 2007 - áætlun	[...]	[...]	[...]	[...]
Meðaltal 2005 - 2001	2.211.337	2.008.883	202.454	10,7%
Meðaltal 2007-2001 - Án áætlun I	[...]	[...]	[...]	[...]

1) Áætlun frá mars 2006

2) Rauntölur frá 2006 - Dags. janúar 2007 - Ekki endanlegar tölur

[...] Tekið út vegna trúnaðar

Í töflu 1 kemur fram að meðaltalshlutfall rekstrarhagnaðar árána 2001 til 2005 er 10,7%. En miðað við þær tölur sem liggja fyrir varðandi árið 2006 bendir til þess að um lítinn sem engan hagnað verði að ræða. Miðað við áætlun 2007 verður hlutfall rekstrarhagnaðar ársins 5,8% sem er mun lægra en meðaltal árána 2005 til 2001 skv. ársreikningum. Væntanlegar gjaldskrárhækkanir Íslandspóst munu því ekki skila afkomu í takt við meðaltal árána 2001 til 2005.

¹ Tekið út vegna trúnaðar

Í ársreikningi 2005 kemur fram að hagnaður félagsins hafi verið með ágætum. PFS telur því eðlilegt að miða afkomu einkaréttar við niðurstöður síðustu ára og því sé eðlilegt að miða við hlutfall rekstrarhagnaðar (tekjur sem hlutfall af gjöldum) síðustu ára. Til að viðhalda eðlilegum rekstrarhagnaði telur PFS eðlilegt að taka tillit til kostnaðarauka á milli ára og leyfa þannig hækkun gjaldskrár til að auknar tekjur komi á móti aukningu gjalda. Þar sem ekki liggur fyrir ársreikningur fyrir árið 2006 telur PFS að ekki sé hægt að hafa með áætlaðan hagnað ársins 2006 til að meta meðaltal en þó er meðaltal árána 2001-2007 einnig sýnt þó án upphaflegrar áætlunar 2006 (áætlun I.) til samanburðar.

Skv. upplýsingum Íslandspóstis hf. eru helstu kostnaðarliðir við 20 gr. og 50 gr. bréf m.a. launaliðir bréfbæra, kostnaður vegna landspósta, rekstur samstarfspósthúsa og flutningskostnaður. Hækkun launaliða Íslandspóstis v/kjarasamninga og þenslu á vinnumarkaði hækkaði 11,6% frá maí 2006 til desember 2006. Hækkun vegna mánaðarlauna bréfbæra nam 13,4% á sama tímabili. Einnig bendir Íslandspóstur að laun bréfbæra hækki um 4,15% um ármótin 2006/2007. Þá kemur fram að Íslandspóstur gerir ráð fyrir að kostnaður vegna landspósta, rekstur samstarfspósthúsa og flutningskostnaður hækki í samræmi við vísitölu neysluverðs.

Einnig kemur í ljós í gögnum frá Íslandspósti hf. að áætluð afkoma ársins 2006 er mun lakari en áætlanir frá mars 2006 bentu til. Ástæða þess segir Íslandspóstur sé aðallega af mun meiri launahækkunum en gert var ráð fyrir. En miðað við upplýsingar frá Íslandspósti virðist sem afkoma ársins 2006 í einkarétti verði því sem næst rekin án hagnaðar.

Fram kemur í afkomuáætlun 2007 að gert sé ráð fyrir að gjaldskrá hækki frá 7,7% til 9,1% sem leiðir til 8,5% hækkun á einingarverði í einkarétti. [...]¹ Í áætlun 2007 er gert ráð fyrir hækkun tekna verði 8,7% eða 216 m.kr. en á móti hækkar kostnaður um 3,6% eða 85 m.kr. Afkoma á árinu 2007 er því áætluð 131 m.kr. hærrí en á árinu 2006. Fyrirhuguð hækkun gjaldskrár á árinu 2007 nær því ekki að halda svipaðri afkomu og á árinu 2005 né að ná meðaltali árána 2001 til 2005. Í töflu 2 hér að neðan sjást nánar breytingar frá 2006 miðað við áætlun 2007.

Tafla 2. Samanburður á milli árána 2006 og 2007

Yfirflokkar	Eininga- tekjur [kr.]	Tekjur [kr.]	Magn [Fj. ein.]	Gjöld [kr.]	Rekstrar- hagnaður [kr.]
Einkaréttur 2007	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Einkaréttur 2006 - Skv. áætlun II ¹)	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Mism. kr.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Mism. %	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

1) Rauntölur frá 2006 - Dags. janúar 2007 - Ekki endanlegar tölur

[...] Tekið út vegna trúnaðar

Afkoma einkaréttar virðist verða mjög slæm á árinu 2006. Umrædd hækkunarbeiðni Íslandspóstis miðast við að hækka hagnað einkaréttar en sú hækkun nær þó ekki að ná meðaltali undanfarinna ára og verður hlutfall rekstrarhagnaðar 5,8% en meðaltal árána 2001 til 2005 er 10,7%.

¹ Tekið út vegna trúnaðar

4. Niðurstaða

Í kostnaðaryfirliti Íslandspóstis hf. er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna flutningskostnaðar og einnig vegna landpósta. Einnig kemur fram að hækkunir vegna verðlagsþróunar valdi samsvarandi kostnaðarhækkunum í dreifikerfi Íslandspóstis hf. Mestri kostnaðarhækkun veldur hækkun launa umfram verðlagsþróun þá sér í lagi laun bréfbera en aðrir kostnaðarliðir hafa minna vægi.

Eins og fram kemur hér að ofan nær hækkun á tekjum skv. hækkunarbeiðni Íslandspóstis ekki til að ná meðaltalshagnaði áráanna 2001 til 2005.

Póst- og fjarskiptastofnun byggir niðurstöðu sínar á eftirtöldum forsendum:

- Kostnaðarauki Íslandspóstis vegna launakostnaðar er áætlaður umfram verðlagsþróun.
- Tekjuaukning vegna hækkunarbeiðni Íslandspóstis hf. fyrir árið 2007 nær ekki meðaltali áráanna 2005 til 2001.
- Afkoma einkaréttar er áætluð mjög lág fyrir árið 2006 eða því sem næst án hagnaðar.

Út frá ofangreindum forsendum samþykkir Póst- og fjarskiptastofnun hækkunarbeiðni Íslandspóstis hf. varðandi hækkun verðskrár á 20. gr. og 50. gr. bréfum innanlands.

5. Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun heimilar Íslandspósti hf. að hækka gjaldskrá sína vegna bréfa innanlands frá 1. febrúar 2007 skv. eftirfarandi:

- Bréf í 20 gr. flokki hækki úr 55 kr. í 60 kr.
- Bréf í 50 gr. flokki hækki úr 65 krónum í 70 kr.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Sigurður H. Magnússon